



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. apríl 2005
Tilvísun: UST20050300122/bs

Sjóvarnir við Fuglavík, Lambarif-Hólabrekka og Stafnes-Bala í Sandgerðisbæ. Tilkynning um matsskyldu

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. mars sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindra framkvæmda. Fyrirhuguð framkvæmdasvæði eru innan svæðis nr. 108 á náttúruminjaskrá, Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi. Umhverfisstofnun telur að á þessum svæði verði að halda raski í fjörunni í lágmarki og þess verði gætt að sjóvörnin hindri ekki aðgengi fólks að fjörunni.

Stafnes-Bali: Hér hefur orðið landbrot í túnum sunnan Stafness og Bala. Ráðgert er að setja sjóvörn á rofbakkann ofan fjörunnar, sem verður óröskuð.


Fuglavík: Hér er annars vegar um að ræða lagfæringu og viðbót við sjóvörn til móts við íbúðarhús og hins vegar styrkingu á fjörukambi til móts við tjörn, en við hana er æðarvarp. Kamburinn er nú um 20 metra breiður og hefur yfirborði hans þegar verið raskað vegna ágangs sjávar. Umhverfisstofnun telur að að hanna verði sjóvarnir með þeim hætti að mögulegt sé fyrir æðarkollur að koma ungum til sjávar án verulegra affalla.

Lambarif-Hólabrekka: Núverandi sjóvörn hefur verið lögð efst á fjörukamb og því er raski í efsta hluta fjörunnar haldið í lágmarki. Fjaran er á náttúruminjaskrá og er jafnframt vinsæll útivistarstaður. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að við hönnun sjóvarnar sunnan Garðskaga verði gert ráð fyrir greiðri aðkomu fólks að fjörunni. Einnig ætti að huga vel að útliti og hæð sjóvarnarinnar á þessum stað þannig að hún falli sem best að landi.

Niðurstaða: Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrmefnadar sjóvarnir muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun vill benda á að leita þarf umsagnar stofnunarinnar skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Helgi Jónsson
Forstöðumaður

Afrit: Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður